



## Sjálfstæðisflokkur. Frá miðstjórn Sjálfstæðisflokksins vegna frestunar á Landsfundi 1938

---

Bjarni Benediktsson – Sjálfstæðisflokkur. Frá miðstjórn Sjálfstæðisflokksins vegna frestunar á  
Landsfundi 1938

### Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-6, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

MÍÐSTJÓRN SJÁLFTÆDISFLOKKSINS

Reykjavík, 9. júní 1938.

Kæri flokksbróðir.

Eftir gaumgæfilega athugun hefir Miðstjórnin ákveðið að fresta því til hausts eða næsta vetrar að kveðja saman landsfund. En jafn framt samþykkti Miðstjórnin að gangast fyrir því, að á þessu vori verði haldin 8 héraðsmót fyrir flokkinn. Hafa nú þegar verið ákveðnir þessir fundir:

1. Í Borgarnesi f. Borgarfjarðar- Mýra- Snæfellsnes- og Dalasýslur.
2. Á Ísafirði f. Vestfirðina.
3. Á Blönduósi f. Húnavatnssýslur.
4. Á Suðárkróki f. Skagafjörð.
5. Á Akureyri f. Akureyri og Eyjafjardarsýslu.
6. Á Húsavík f. Þingeyjarsýslur.
7. Á Egilsstöðum f. Austurland.
8. Á Selfossi f. Suðurland.

Á héraðsmótum þessum er ætlast til að fari fram umræður um landsmál, en auk þess verði þar ýmislegt til skemmtunar, og að mótin standi einn til tvo daga.

Á hverjum þessara funda munu mæta að minnsta kosti 2 menn f.h. Miðstjórnarinnar, en að öðru leyti er ætlast til að héraðsmenn undirbúi þá sjálfir og stjórnir þeim.

Líklegt er að fundirnir verði nálægt mánaðamótum júní og júlí, og verður það auglýst í blöðum og útvarpi, þegar Miðstjórnin hefir ráðgast um það við menn í héraði.

Fundir þessir ættu að verða skemmtisamkomur, jafnhliða því að vera landsmálafundir. Væntir Miðstjórnin að þér gerið það sem í yðar valdi stendur til þess að fundarsókn úr yðar héraði verði sem mest, svo af konum sem körlum, og leggið yðar skerf til þess, að undirbúningur verði sem bestur, svo að fundirnir verði til sem mestrar ánægju þeim, sem þá sækja, og flokknum til ávinnings.

Með bestu flokkskveðju,

f.h. Miðstjórnarinnar.

*Sigurður Kristjánsson*